

**Mál nr. 208/2018**  
**M vegna bifreiðarinnar A og**  
**Vátryggingafélagið V v. Frjálsrar ábyrgðartryggingar Í**

**Bifreið ók á hesta og bifreið varð fyrir tjóni og farþegi slasaðist þ. 27.8.2017.**

**Gögn.**

Málskot móttakið þ. 25.6.2018 ásamt fylgiskjölum nr. 1-8.  
Bréf V dags. 24.7.2018 ásamt fylgiskjölum 1-6

**Málsatvik.**

Bifreiðin A ók á hesta við Vatnsskarð á Þjóðvegi 1. A var óökufær eftir slysið. Fimm hestar voru aflífaðir í kjölfar árekstursins og tvö hross slösuðust. Svartamyrkur var þegar slysið varð og segist ökumaður A hafa ekið á um 90 km. hraða. M krefst bóta vegna þess tjóns sem hún varð fyrir vegna árekstursins og segir Í hafa sýnt af sér saknæma háttsemi með því að hafa ekki fullnægjandi hlið á beitarhólfi þar sem hestarnir voru áður en þeir sluppu út. M segir að V beri sönnunarbyrðina fyrir því að girðingin og hliðið sem umlukti beitarhóflið hafi verið nægjanlega öruggt í umrætt sinn. M segir að myndir af vettvangi sýni að hliðið hafi alls ekki verið fullnægjandi og megi rekja slysið til vanrækslu Í á því að sinna viðhaldi við girðingar og hliða á beitarhólfi og því sé slys M og tjón á A bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu Í. V hafnar bótaskyldu og segir að slysið verði ekki rakið til saknæms vanbúnaðar sem Í beri ábyrgð á. Þá segir V að lausaganga búfjár sé leyfð í Skagafirði utan þéttbýlissvæða og bærinn Í sé ekki staðsettur á þéttbýlissvæði eins og haldið sé fram í málskoti og því sé lausaganga búfjár leyfð á þessu svæði. V vísar til ákvæða 50 og 51. gr. vegalaga nr. 80/2007 og reglugerðar nr. 930/2012. V segir að lausaganga búfjár hafi verið heimil við Í á slysdegi og við þær aðstæður verði öikumenn að sýna sérstaka aðgát auk þess hafi M ekki sýnt fram á að slysið verði rakið til gáleysis Í. V segir að girðingin þar sem hestarnir voru geymdir uppfylli skilyrði laga og reglugerða um gerð slíkra girðinga og hafi Í hirt vel um girðingar.

**Álit.**

Fyrir liggur að lausaganga búfjár er heimil þar sem slysið varð og við þær aðstæður verða öikumenn að sýna sérstaka aðgát við akstur einkum og sér í lagi í svartamyrkri eins og um var að ræða í umrætt sinn. Skv. lögregluskýrslu var A ekið á hámarkshraða í svartamyrkri skv. framburði ökumanns þegar slysið varð. Ekki hefur verið sýnt fram á að eigandi þeirra hrossa sem ekið var á hafi sýnt af sér saknæma háttsemi við vörslur hrossana eða girðingum eða hlið á beitarhólfi því sem hestarnir voru í hafi verið ábótavant. M á því þegar af þeirri ástæðu ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum úr frjálsri ábyrgðartryggingu Í hjá V.

Reykjavík 21.8. 2018.  
Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögmaður.

Jón Magnússon lögmaður.